



HRUNAMANNAHREPPUR

18. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

5. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 2. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í fjarveru Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 4. fundar frá 15. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Afréttarmálanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en sveitarstjórn mun taka tillit til ábendinga nefndarinnar varðandi framkvæmdir ársins og verktaka við viðhald girðinga á afrétti Hrunamanna.

2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 4. fundar frá 15. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Varðandi lið e þá samþykkir sveitarstjórn að þegar gefin hefur verið út rauð viðvörðun vegna veðurs á svæðinu þá verður íþróttamannvirkjum lokað án frekari umræðu. Við appelsínugula viðvörðun verði sérstaklega gætt að aðstæðum og ákvörðun um opnun tekin hverju sinni að höfðu samráði sveitarstjóra og forstöðumanns íþróttamannvirkja. Sveitarstjórn fagnar hugmyndum um heilsuviku sem nefndin leggur til að verði haldin vikuna 18. – 24. september 2023 og hvetur nefndina til að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila og þá sérstaklega ungmennaráð sem áður hefur kynnt svipaðar hugmyndir um heilsudaga. Ennfremur felur sveitarstjórn sveitarstjóra ásamt verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags að vinna að undirbúningi sumarnámskeiða fyrir börn. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 1. fundar frá 12. desember sl.

Lögð fram fundargerð 1. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. Fundargerð 255. fundar skipulagsnefndar frá 22. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 255. fundar skipulagsnefndar frá 22. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 25. Neðri-Hveradalir í Kerlingarfjöllum: Bílastæði og þjónustuhús; Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Umhverfisstofnun sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á

byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Samhliða verði unnin óveruleg breyting á núgildandi deiliskipulagi þar sem viðkomandi svæði er fellt út úr gildandi deiliskipulagi við gildistöku þess nýja.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Samhliða verði unnin óveruleg breyting á núgildandi deiliskipulagi þar sem viðkomandi svæði er fellt út úr gildandi deiliskipulagi við gildistöku þess nýja.

Mál nr. 28. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar sl.

5. NOS: Fundargerð stjórnar frá 14. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar NOS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. NOS: Fundargerð stjórnar frá 16. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar NOS.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið sem lagt hefur verið fram vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Ölfuss. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. Bergrisinn bs.: Fundargerð aukaaðalfundar frá 20. febrúar sl. ásamt samþykktum.

Lögð fram fundargerð Bergrisans bs ásamt nýjum samþykktum fyrir Bergrisann sem hér eru lagðar fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samþykktir og vísar þeim til síðari umræðu sveitarstjórnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar

Erindi til sveitarstjórnar:

8. Bréf Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 27. febrúar 2023.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu um áframhaldandi vinnu um úthlutun og ráðstöfun fjármagns til grunnskóla svo að það styðji betur við starfshætti sem stuðla að menntun fyrir alla. Í mars til maí á þessu vori verður unnið með sveitarfélögum í öllum landshlutum. Það er ósk mennta- og barnamálaráðuneytisins að sveitarfélög taki þessum fræðslu- og vinnufundum vel og að fundarsókn verði góð. Því hvetur ráðuneytið forvígismenn sveitarfélaga og fræðslumála að taka þátt í verkefninu með þeim úr heimabyggð sem þeir kjósa. Fundarboð með fundarstöðum og dagskrá fundanna verður sent út í byrjun marsmánaðar.

Lagt fram til kynningar en jafnframt vísað til skólanefndar og til skólastjórnenda til kynningar.

9. Samstarfssamningur Bridgefélags Hrunamanna og Hrunamannahrepps.

Lögð fram drög að samstarfssamningi Bridgefélags Hrunamanna og Hrunamannahrepps. Samningi þessum er ætlað að ramma inn samstarf Hrunamannahrepps og Bridgefélags Hrunamanna með það fyrir augum að efla og styrkja starfsemi félagsins og auka um leið möguleika Hrunamanna á fjölbreyttu tómstundastarfi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og felur sveitarstjóra að aðlaga samninginn til samræmis og undirrita hann í framhaldinu.

10. Lánasjóður sveitarfélaga: Lánssamningur nr. 2303_15.

Lagður fram lánssamningur nr.2303_15 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Hrunamannahrepps

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins og kaup á stjórnsýsluhúsi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, kt. 211264-5009 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t beiðni um útborgun láns.

11. Minnisblað vegna framkvæmda ársins 2023.

Lagt fram minnisblað vegna framkvæmda ársins 2023. Vegna fyrirhugaðra viðgerða á þaki Flúðaskóla er lagt til að breytingum á íþróttahúsinu sem og á Félagsheimilinu fyrir samtals 41 mkr. á árinu verði frestað og ákvörðun um framhaldið verði tekin þegar mál skýrast varðandi endanlegan kostnað við viðgerð á þaki Flúðaskóla.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni og jafnframt því að minnisblað frá ráðgjafa sé ekki tilbúið eins og vonast hafði verið til. Þegar er þó ljóst að viðgerð á þaki Flúðaskóla verður mjög umfangsmikil en afar mikilvægt er að ráðist verði í verkið eins fljótt og kostur er.

Í ljósi þess kostnaðar sem þarna mun falla til og ekki er á fjárhagsáætlun samþykkir sveitarstjórn að fresta umræddum breytingum á Félagsheimilinu og íþróttahúsi en halda þó áfram með hönnun á nýjum tækjasal og sjúkraþjálfun í íþróttahúsinu. Viðauki við fjárhagsáætlun verður lagður fram um leið og tölur liggja fyrir.

12. Fyrri umræða um nýjan félagssamning vegna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Lagður fram félagssamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi félagssamning og vísar honum til seinni umræðu.

13. **Dagsetningar sveitarstjórnafunda í apríl.**

Sveitarstjórn samþykkir að vegna frídaga sem framundan eru verði fundur sveitarstjórnar í apríl haldinn fimmtudaginn 13. apríl kl. 16:00. Seinni fundur í apríl fellur niður. Í maí verði fundur þann 17. maí en ekki þann 18. maí eins og ætti að vera en sá dagur er uppstigningardagur. Þar sem ekki er annað tilgreint verða fundirnir haldnir kl. 14:00. Síðari fundur í mars verður með hefðbundnum hætti.

Verkfundargerðir:

a. Kópavatn-Garðastígur: Verkfundargerð 14. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

b. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 56. fundar stjórnar frá 17. febrúar sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar ásamt erindi frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þar sem sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi bókun stjórnarinnar:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040.

Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli.

Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttar eða samfélagssjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstrartíma og vegna niðurrifs að rekstrartíma liðnum og fleira.

Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Sveitarstjórn tekur undir framangreinda ályktun sem og ályktanir Skeiða- og Gnúpverjahrepps um málið.

c. Ákall Gullna hringborðsins.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:52.